



Ágæti skólastjóri,

Haustið 2013 settu mennta- og menningarmálaráðuneytið, Samband íslenskra sveitarfélaga og Samtök iðnaðarins á laggirnar þróunarverkefnið GERT sem er m.a. ætlað að vekja áhuga grunnskólanemenda í 5. – 10. bekk á raunvísindum og tækni, verkmenntun og störfum sem þeim tengjast. GERT stendur fyrir „grunnmenntun eflað í raunvísindum og tækni“.

GERT verkefnið er á tilraunastigi og því í sífelldri þróun. Árlega er ráðinn meistaranemi sem verkefnisstjóri og tók nýr við í maí. Í ár er áherslan lögð á að fjölga GERT þátttökuskólum. Allir skólar geta óskað eftir þátttöku en kostur er að sveigjanleiki sé í skólastarfinu sem rúmi samstarf við atvinnulífið. GERT skólar fá stuðning verkefnisstjóra við að byggja upp samstarf og greiðan aðgang að tengiliðum verkefnisins.

*Ef þinn skóli vill vera með, þá ertu vinsamlegast beðinn um að senda verkefnisstjóra póst á netfangið [gert@si.is](mailto:gert@si.is) þar sem fram kemur:*

1. Nafn skóla
2. Staður og póstnúmer
3. Fjöldi nemenda í skólanum
4. Hvers vegna hefur þinn skóli áhuga á að vera með?
5. Hvaða hugmyndir skólinn hefur um mögulegt samstarf
6. Nafn, netfang og sími skólastjóra og tengiliðar

Hér má lesa aðgerðaráætlun verkefnisins:

<http://www.si.is/media/menntamal-og-fraedsla/GERT-SI-2012-NET-litla.pdf>

Í fyrra tóku Garðaskóli, Grunnskóli Húnaþings vestra, Grunnskólinn á Ísafirði og Norðlingaskóli þátt í verkefninu. Markmiðið var að þróa samstarf þátttökuskólanna og fyrirtækja í nærumhverfi þeirra svo nemendum gæfist tækifæri á að kynnast fjölbreytni atvinnulífsins, tæknivæðingu og nýsköpun. Fyrirkomulagið var breytilegt á milli skóla en það sem helst má nefna voru fyrirtækjaheimsóknir, námskeið á vegum Náttúrutorgsins, samstarf við Fab Lab smiðju í heimabyggð í tengslum við Nýsköpunarmiðstöð Íslands, heimsókn í Tækniskólann og heimsóknir frá kynningarformum háskólanemenda (Team Spark, Tækniáhugi). Einn skólanna ákvað að bjóða upp á sérstakan GERT-valáfanga sem gafst vel.

Fleiri upplýsingar er að finna á heimasíðu GERT undir slóðinni <http://gert.menntamidja.is/>. Þar má m.a. finna upplýsingar um tengiliði, kynningarform og annað sem stendur þátttökuskólum til boða.

Með kærri kveðju f.h. GERT

Halla Kristín Guðfinnsdóttir, verkefnastjóri.

GERT ▶

MENNTA OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTI  
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA  
SAMTÖK IÐNAÐARINS